

Náttúrufræðingurinn á netinu

Í haust urðu þau merku tímamót í útgáfumálum HÍN að opnað var fyrir aðgang að Náttúrufræðingnum á veraldarvefnum. Þá lauk Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn við rafræna skráningu á Náttúrufræðingnum samkvæmt samningi við félagið. Tímaritið er nú aðgengilegt á vefnum **Tímarit.is**. Hægt er að skoða tímaritið frá upphafi útgáfunnar árið 1931 til 71. árgangs sem kom út 2003.

Fimm ára seinkun verður á birtingu tímaritsins á vefnum. Þannig mun 72. árgangur sem kom út 2004 birtast í janúar árið 2010. Fyrst um sinn verður aðeins hægt að fletta stökum blaðsíðum á vefnum Tímarit.is, en stefnt er að því að opna aðgang að heilum greinum á vef HÍN.

Stjórn HÍN vonast til að þessi aukni aðgangur að Náttúrufræðingnum auki lestur tímaritsins og eflí veg þess. Stjórn HÍN þakkar jafnframt Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar stofnanda Hagkaups fyrir myndarlegan styrk að upphæð 500.000 kr. til verkefnisins.

Veljum íslenskt!

Í efnahagslægðinni sem nú ríkir hefur blessunarlega lítið borið á úrsögnum úr félaginu eins og sumir óttuðust að myndi gerast í kjölfarið á hamförunum sem dundu yfir fyrir um ári síðan. Í reynd hafa fleiri gengið til liðs við félagið en yfirgefið það á undanförunum 12 mánuðum. Nokkurn ugg vekur hins vegar að á meðal þeirra sem hafa sagt sig úr félaginu eru bókasöfn. Það er illt í efni ef opinberar þjónustustofnanir sjá sér ekki lengur fært að bjóða almenningi upp á áhugaverðan fróðleik um náttúru Íslands sem reiddur er fram á vandaðan hátt af vísindasamfélaginu. Veljum íslenskt!

Hið íslenska náttúrufræðifélag
Afgreiðsla: Náttúrufræðistofa Kópavogs - Hamraborg 6a, IS-200 Kópavogur
Sími: 570 0433
Netfang: hin@hin.is
Heimasíða: hin.is
Ábm. og ritstj. félagsbréfs: Hilmar J. Malmquist, ritari HÍN



Félagsbréf

2. tölublað

Október 2009

34. árgangur

Fræðsluerindin hefjast á ný

Dagskrá fræðsluerinda á vegum HÍN veturinn 2009–2010 liggur fyrir og verður eftirfarandi:

Mánudaginn 26. október 2009. Gróðurframvinda í Skaftáreldahrauni og áhrif hraungambra á landnám háplantna. Jóna Björk Jónsdóttir, líffræðingur og kennari við Menntaskólann að Laugarvatni.

Mánudaginn 30. nóvember 2009. Jöklar á Íslandi við upphaf 21. aldar og framtíðarhorfur. Dr. Helgi Björnsson, jöklafræðingur og vísindamaður við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands.

Mánudaginn 25. janúar 2010. Hugsanleg áhrif hlýnandi veðurfars á líffræðilega eiginleika íslensks jarðvegs. Dr. Rannveig Guicharnaud, jarðvegsfræðingur og lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Mánudaginn 22. febrúar 2010. Binding kolefnis í bergi. Dr. Sigurður Reynir Gíslason, jarðvegsfræðingur og prófessor við H.Í.

Mánudaginn 29. mars 2010. Veðurfarssveiflur og lífríki hafsins við Ísland. Dr. Ólafur Ástþórsson, líffræðingur á Hafrannsóknastofnuninni.

Mánudaginn 26. apríl 2010. Lundastofn Vestmannaeyja. Dr. Erpur Snær Hansen, sviðstjóri hjá Náttúrustofu Suðurlands.

Næstu fræðsluerindi HÍN verða haldin í fyrirlestrasal Menntaskólans við Sund að Gnoðarvogi 43 og hefjast erindin klukkan 17:15.

Aðgangur að fræðsluerindum HÍN er ókeypis og öllum heimill.

„Gróðurframvinda í Skaftáreldahrauni og áhrif hraungambra (*Racomitrium lanuginosum*) á landnám háplantna“

Fyrsta fræðsluerindi HÍN í vetur verður haldið **mánudaginn 26. október 2009** og fer það fram í **fyrirlestraral Manntaskólans við Sund** að **Gnoðarvogi 43**. Erindið hefst kl. 17:15. Það er **Jóna Björk Jónsdóttir**, líffræðingur og kennari við Menntaskólann að Laugarvatni sem ríður á vaðið.

Ágrip erindis

Hraungambri (*Racomitrium lanuginosum*) er áberandi í íslenskum nútímahraunum en óvíða er hann jafngróskumikill og í Skaftáreldahrauni. Þar myndar hann mjög þykka og samfellda mottu á láglendi en á hálendi eru breyskjuflettur (*Stereocaulon* teg.) meira áberandi. Landnám háplantna hefur hins vegar gengið hægt og nú, um 230 árum eftir gos, eru þær enn víðast hvar strjálár.

Markmið verkefnisins var að greina helstu umhverfisþætti sem stýra stefnu og hraða gróðurframvindu í Skaftáreldahrauni. Með gróðurmælingum á hrauninu og beinum tilraunum var reynt að greina áhrif **a)** loftslags, **b)** fræregns, **c)** yfirborðsbreytileika innan hraunsins og **d)** áhrif hraungambra á landnám háplantna.

Áhrif hraungambra á landnám háplantna voru prófuð með tilraun þar sem spírur og uppvöxtur kímplantna í óraskaðri mosamottu voru borin saman við meðferðir þar sem **a)** lifandi hluti mosans hafði verið fjarlægður, **b)** mosamottan hafði verið fyllt að 2 sm með silti og **c)** þar sem silt hafði alveg fyllt hraunið (og mosann). Túnvingull (*Festuca richardsonii*) og lambagras (*Silene acaulis*) spíruðu marktækt betur í mosamottu með silti en í öröskuðum mosa. Þykkt siltaglag sem þekur mosamottuna var hins vegar óhagstæðari beður fyrir túnvingul en spírur lambagras var ekki marktækt frábrugðin óraskaðri mosamottu.

Niðurstöðurnar sýna að háplöntur eiga erfitt uppdráttar í þykkri mottu hraungambra og að mosinn tefji þannig frekari gróðurframvindu í Skaftáreldahrauni. Fræregn frá grenndargróðri virtist aðeins hafa staðbundin áhrif á tegundasamsetningu næst hraunjaðri.

HÍN 120 ára!

Hið íslenska náttúrufræðifélag var stofnað í leikfímishúsi barnaskólans í Reykjavík þann 16. júlí 1889 og er félagið því 120 ára í ár. Félagsmönnum er óskað til hamingju með þennan merka áfanga.

Einn helsti tilgangur með stofnun félagsins var að koma á fót náttúruminjasafni í Reykjavík fyrir þjóðina. Á ýmsu hefur gengið í þeim efnum eins og félagsmenn kannast eflaust við. Staða þessa máls í dag er því miður verri en undir lok nítjándu aldar og á framanverðri þeirri tuttugustu, en þá átti félagið og rak sýningarsali sem opnir voru almenningi. Þessu er ekki lengur til að dreifa. Sýningarsölunum að Hlemmi var lokað vorið 2008 og alls óvíst er um húsakost fyrir sýningarhald hjá hinni ungu stofnun, Náttúruminjasafni Íslands.

Í ofangreindu ljósi stefnir stjórn HÍN að því að halda málþing síðla í nóvember þar sem fjallað verður um stöðu Náttúruminjasafns Íslands og hvers konar sýningarsafn við viljum. Atburðurinn verður auglýstur betur síðar.

Flora Islandica – tilboð

Félagsmönnum HÍN býðst nú 10.000 króna afsláttur af hinni glæsilegu bók *Flora Islandica*, sem hefur að geyma 271 teikningu Eggerts Péturssonar af íslenskum plöntum. Hverri teikningu fylgir texti Ágústs H. Bjarnasonar um viðkomandi háplöntu.

Bók var prentuð í mjög takmörkuðu upplagi, aðeins 500 eintökum og hvert eintak er tölusett og áritað af Eggerti. Bókin er nær því að vera í A3 broti, rúmlega 500 blaðsíður og afhent í línklæddri viðaröskju.

Bókin stendur félagsmönnum til boða á 85.000 kr. staðgreitt. Einnig er hægt að dreifa greiðslum vaxtalaust í allt að 12 mánuði, en þá kostar bókin 90.000 kr. Þeir sem hafa áhuga á bókinni er bent á að snúa sér til útgefandans, **Crymogeu**, á Barónsstíg 27. Netfang er crymogeia@crymogeia.is og sími 511 0910.

Taka þarf fram að viðkomandi sé félagi í HÍN. Nánari upplýsingar um bókina er að finna á www.crymogeia.is.